

Kynning á stjórn og fl.

Nýkjörin stjórn Fjár og hjarhundadeildar kom saman til fyrsta fundar mánudaginn 21.júní á heimili Elínar Láru á Borg í Grímsnesi.

Fyrst á dagskrá var að skipta með sér verkum. Eftir nokkrar umræður var niðurstaðan eftirfarandi:

Elín Lára Sigurðardóttir, formaður

Guðrún Th Guðmundsdóttir, ritari

Jóhanna Eivinsdóttir, gjaldkeri

Edward Birkir Dóruson, meðstjórnandi og umsjónamaður heimasíðu

Elena Tryggvadóttir, meðstjórnandi

Farið var yfir verkefnin framundan og byggja þau að hluta til á því sem fráfarandi stjórn hafði verið með í farvatninu en tókst ekki að framkvæma sökum covid ástands.

Ný stjórn þakkar fráfarandi stjórn fyrir sitt starf og þann grunn sem hún lagði í okkar hendur.

Einnig viljum við þakka fráfarandi tengilið Aussie, Sillu Rósu Dal Christiansen fyrir unnin störf og bjóða nýjan tengilið tegundarinnar Ragnheiði Arnardóttur velkomna til starfa.

Stjórn biðlar til deildarmeðlima að kynna sér Starfsreglur tengiliða tegunda Fjár og hjarðhundadeildar og senda inn athugasemdir ef einhverjar eru fyrir lok ágúst. Nokkur umræða skapaðist um þetta mál á ársfundinum. Reglurnar í heild og umræðurnar frá fundinum má lesa heimasíðunni www.smalar.net Fundargerð ársfundar má einnig lesa á heimasíðunni.